

Meðferð í nýrnasteinbrjóti í svæfingu

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölni er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum. Meðferðin er ekki ætluð ófrískum konum.

Undirbúningur fyrir meðferð

- Hætta þarf tímanlega allri blóðþynningu í samráði við hjúkrunarfræðing.
- Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi (þarf ekki að vera tært) til miðnættis. Eftir miðnætti má einungis drekka tæra drykki þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Vegna áhrifa lyfja sem gefin eru í meðferðinni má ekki aka bíl fyrr en daginn eftir, því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

Meðferðardagur

Mæta á í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölni á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð.

Meðferðin er gerð í svæfingu og tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Sjúklingurinn leggst á sérstakan bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Að lokinni meðferð fer sjúklingur á dag- eða göngudeild fram að útskrift.

Útskrift

Verkir

Nota má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að taka verkjalyf og minnka magn vökva sem drukinn er því hann getur aukið verkina. Þegar verkur er liðinn hjá má drekka eins og áður.

Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu dagana eftir meðferð, helst um tvo lítra á dag.

Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga.

Vinna

Ráðlegt er að hvílast meðferðardaginn.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Leita þarf á bráðamóttöku í Fossvogi ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir meðferð:

- Hiti er hærri en 38°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8–16, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.